

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2020
UST202004-115/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Keflavíkurflugvöllur - akbrautir fyrir flugvélar.
Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða þrjár akbrautir samsíða núverandi flugbrautum samtals 3,3 km að lengd. Markmið framkvæmdarinnar er að greiða fyrir umferð sem þegar fer um flugvöllinn. Framkvæmdin er öll innan núverandi flugsvæðis sem þegar hefur verið raskað að mjög miklu leyti við fyrri framkvæmdir. Fram kemur í greinargerð að hér sé um að ræða mannvirkjagerð sem er hluti þeirra framkvæmda sem þegar eru til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við Keflavíkurflugvöll.


Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða framkvæmdir á þegar röskuðu svæði sem munu ekki stuðla að frekari umhverfisáhrifum en þegar eru fram komin vegna millilandaflugs og gætu jafnvel dregið úr umhverfisáhrifum flugsins vegna greiðari leiða flugvélá að flugstöðinni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um framkvæmdina séu eins ítarlegar og ástæða er til.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur



Axel Benediktsson
sérfræðingur